

Nd.

438. Framhaldsnefndaré lit

um frumvarp til laga um lífsábyrgð fyrir sjómenn á íslenskum þilskipum. (Þskj. 339).

Eins og tekið var fram við framh. fyrstu umræðu þessa máls hafði nefnd þeirri, er háttvirt neðri deild kaus til að ihuga lífsábyrgðafrumvarpið, borist nokkrar uppástungur til breytinga á téðu frumvarpi frá yfirmanninum á »Islands í'alk«. Nefndin hefir nú rætt þessar breytingauppástungur á fundum sínum og orðið sanimála um, að ráða deildinni eindregið til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi breytingum:

Breytingartillögurnar eru þessar:

1. Aftan við 1. gr. bætist:

Ennfremur er skylt að vát tryggja líf hérleðdra sjómanna, er reka fiskiveiðar á vélarbátum eða opnum bátum er stunda fiskiveiðar minst eina vertíð á ári.

2. Aftan við 2. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þegar formaður á vélarbát eða opnum bát hefir fullráðið háseta sína, skal hann eða útgerðarmaður tilkynna það hlutaðeigandi skráningarstjóra (s: sýslumanni eða hreppstjóra) og skal þá skráningarstjóri fara eins að og fyrir er mælt í fyrri málsgrein þessarar greinar.

3. Við 3. gr.:

Orðin »frá 1. október — — — 30. september« falli burt,

Í staðinn fyrir 15 aurum, komi; 18 aurum.

A eftir orðinu »Lögskráði« komi: »eða ráðinn í skipsrúm«
I staðinn fyrir »helming« komi: þriðjung.

4. Við 5 gr.

Orðin: »eða af veikindum — — — á því tímabili.«, falli burt.

Neðri deild Alþingis 10. apríl 1909.

Jón Þorkelsson
formaður.

Magnús Blöndahl
skrifari og framsögumaður.

Pjetur Jónsson

Bjarni Jónsson
frá Vogu.

Stefán Stefánsson
Eyf.